

Alþingi
Erindi nr. P 130/900
komudagur: 29.1.2004



DÓMS- OG KIRKJUMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Menntamálanefnd Alþingis
Sigrún Brynja Einarsdóttir, nefndarritari
Alþingishúsinu v/Austurvöll
150 REYKJAVÍK

Skuggasundi 150 Reykjavík
sími: 545 9000 bréfasími: 552 7340
netfang: postur@dkm.stjr.is
www.domsmalaraduneyti.is

Reykjavík, 26. janúar 2004
Tilvísun: DKM03120205/000/HZ/--

Ráðuneytið telur afar brýnt að fram fari ítarlegt kostnaðarmat, ef gera á íslensku táknmáli jafnhátt undir höfði og íslensku máli. Fyrirsjáanlega mun umtalsverður kostnaður hljóttast af aukinni túlkunarþjónustu m.a. í refsivörslukerfinu, þar sem mælt er fyrir um kennslu í íslensku táknmáli fyrir fangaverði og starfsmenn fangelsa, o.fl. í frumvörpunum.

Í góðri samvinnu við Félag heyrnarlausra hafa verið mótaðar reglur fyrir lögreglu, sem hún ber að hafa í huga í tengslum við handtökuaðgerðir þar sem heyrnarlausir kunna að eiga hlut að máli.

Þá hafa tveir heyrnarlausir fangar verið í fangelsum landsins á síðastliðnum áratug. Lausn var fundin á samskiptum þeirra, en Félag heyrnarlausra taldi hana ganga of skammt og var ekki sátt við það fyrirkomulag. Þar sem langt getur liðið á milli þess að heyrnarlaus dómþoli verður vistaður í fangelsi, telur ráðuneytið of í lagt að hafa ávallt starfandi fangaverði sem hafa lært táknmál, og þá væntanlega í öllum fangelsunum, þar sem óvíst er fyrirfram hvar fangi verður vistaður.

Þá má geta þess að nú stendur yfir endurskoðun á norræna tungumálasamningnum. Ákveðið hefur verið að fjölga tungumálum samkvæmt honum þannig að hann nái einnig yfir færeysku, grænlensku og samísku. Til alvarlegrar athugunar er að tryggja rétt táknmálsnotenda með því að láta samninginn einnig ná yfir táknmál, og verður það álitæfni til lykta leitt á þessu vori.

Eins og að framan er getið þarf að fara fram kostnaðargreining, þannig að ljóst verði hvaða kostnaður muni hljóttast af frumvörpunum ef þau verða að lögum, svo að unnt verði að fá upplýsingar um hvaða fjárheimildir þurfi til að mæta slíkum útgjöldum.

F. h. r.

Alþingi
Erindi nr. Þ 130/838
komudagur 23.1.2004



Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Laugavegi 103

105 Reykjavík

Ísland/Iceland

Sími/Tel.:

(354) 561 3560

Fax: 551 3567

E-mail:

feheyrn@ismennt.is

Reykjavík, 20. janúar 2004

Umsögn Félags heyrnarlausra við frumvarpi til laga um íslenska táknmálið, 374.mál

Félag heyrnarlausra fagnar því frumvarpi sem lagt hefur verið fram um íslenska táknmálið. Lagaleg staða íslenska táknmálsins hefur verið mjög veik og haft veruleg áhrif á réttarstöðu táknmálsnotenda. Lagasetning um íslenska táknmálið felur í sér opinberlega viðurkenningu á því að hluti íslensku þjóðarinnar eigi táknmál sem fyrsta mál. Með lagasetningu um íslenska táknmálið er það staðfest af löggjafarvaldinu að þeir sem eigi táknmál sem fyrsta mál skuli njóta jafnræðis og hafa aðgang að íslensku samfélagi á grundvelli táknmáls.

Félag heyrnarlausra vill gera eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið.

Í 1. gr. er sagt að:

Íslenska táknmálið skuli vera fyrsta mál heyrnarlausra, heyrnarskertra og daufblindra.

Að mati félagsins er þröng skilgreining á því hverjir séu táknmálsnotendur og eigi íslenska táknmálið sem fyrsta mál til þess fallinn að útiloka þá sem ekki heyra undir þessa skilgreiningu. Hafa ber í huga að til ern einstaklingar sem hafa heyrn en geta ekki talað og hafa því valið íslenskt táknmál sem fyrsta mál. Það ætti því að vera hverjum þeim sem ekki getur notað íslensku að velja íslenska táknmálið sem fyrsta mál. Er lagt til að orðalagi verði breytt í þá átt að íslenska táknmálið sé mál sem hluti íslensku þjóðarinnar hefur sem fyrsta mál.

2. og 3. grein.

Í 2. og 3. gr. eru einnig skilgreindir hverjir eru táknmálsnotendur. Er vísað til athugasemda sem gerðar eru í 1. gr.

4. grein

Að mati Félags heyrnarlausra er 4. gr. óþörf og lagt til að hún verði felld niður.

*Íslenskt **táknmál**
þú hefur það í hendi þér*

5. grein.

Lagt er til að 5. gr. (sem yrði þá 4. gr. frumvarpsins) verði svohljóðandi:

Notendur íslenska táknmálsins eiga rétt á að upplýsingar sem birtar eru opinberlega og fræðslu- og afþreyingarefni sem ætlað er almenningi sé þeim aðgengilegt með textun á íslensku eða túlkun á táknmáli eftir því sem við á.

6. grein.

Lagt er til að 6. gr. (sem yrði þá 5. gr. frumvarpsins) verði svohljóðandi:

Stofnanir og embætti ríkis og sveitarfélaga skulu tryggja táknmálsnotendum túlkapjónustu vegna erinda sem þeir eiga við viðkomandi stofnun eða embætti eins og nánar skal kveðið á um í reglum sem ráðherra setur.

7. grein.


Lagt er til að 7. gr. (sem yrði þá 6. gr. frumvarpsins) verði svohljóðandi:

Notendur íslenska táknmálsins eiga hver um sig rétt á 20 klukkustunda endurgjaldslausri þjónustu táknmálsfélags mánaðarlega að lágmarki, til að sinna persónulegum erindum sem ekki falla undir ákvæði 4. gr. Táknmálsnotanda er heimilt að sækja um viðbótartíma vegna sérstakra aðstæðna eins og nánar skal kveðið á um í reglum sem ráðherra setur.

Daufblindir eiga að lágmarki rétt á tvöföldum tímafjölda skv. 1. mgr.

Aðrar athugasemdir eru ekki gerðar. Hvað varðar frumvarp um breytingar á lögum vegna íslenska táknmálsins 375. mál, gerir Félag heyrnarlausra engar athugasemdir.

Virðingarfyllst,
f.h. Félags heyrnarlausra


Hafdís Gísladóttir
framkvæmdastjóri

Alþingi
Erindi nr. Þ 130/855
komudagur 26.1.2004



Alþingi Íslendinga, menntamálanefnd
Sigrún Brynja Einarsdóttir, nefndarritari
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

FÉLAGSMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Hafnarhúsinu v/Tryggvagötu
150 Reykjavík
Sími 545 8100, Bréfsími 552 4804
Netfang: postur@fel.stjr.is
Veffang: felagsmalaraduneyti.is

Reykjavík, 22. janúar 2004

Tilvísun: FEL03120055/0005/ÞB/--

Meðfylgjandi sendist umsögn félagsmálaráðuneytis um frumvarp til laga um íslenska táknmálið sem fyrsta mál heyrnarlausra, heyrnarskertra og daufblindra, þskj. 499 - 374. mál.

F. h. r.


Hermann Sæmundsson


Þorgerður Benediktsdóttir

Umsögn félagsmálaráðuneytis

22. 01. 04

um frumvarp til laga um íslenska táknmálið
sem fyrsta mál heyrnarlausra, heyrnarskertra og daufblindra.

Þskj. 499 — 374. mál.

Félagsmálaráðuneytið telur mestu skipta að heyrnarlausum, heyrnarskertum og daufblindum séu sköpuð skilyrði til að lifa eðlilegu lífi. Hér er um sams konar markmið að ræða og í 1. gr. laga um málefni fatlaðra, nr. 59/1992. Megináherslan er því að rjúfa einangrun þessa hóps og tryggja þátttöku hans í lífinu eins og frekast er unnt.

Undirstaðan er íslenskt táknmál, rannsóknir á því og þróun, kennsla í táknmáli fyrir táknmálstúlka, nægt framboð af táknmálstúlkum, kennsla táknmáls fyrir alla viðkomandi, aðgangur heyrnarlausra að menntun, þ.e. kennsla á táknmáli á öllum skólastigum, námsefnisgerð o.s.frv. Mennta- og menningarmálin eru þannig undirstaða að jöfnum tækifærum heyrnarlausra í þjóðfélaginu á við aðra þjóðfélagsþegna. Það efni fellur undir ráðuneyti menntamála og verður því ekki fjallað nánar um það hér.

Í þessari umsögn verður sjónarhorninu beint að þeim hluta frumvarpsins sem snýr að félagslegri stöðu táknmálsnotenda í þjóðfélaginu.

- A. Stofnanir ríkis og sveitarfélaga
- B. Atvinna
- C. Aðrar stofnanir en á vegum ríkis og sveitarfélaga
- D. Daglegt líf

A. Stofnanir og embætti ríkis og sveitarfélaga (6. gr. frumvarpsins)

Til að aðgangur heyrnarlausra og heyrnarskertra að stofnunum og þjónustu ríkis og sveitarfélaga sé sá sami og annarra landsmanna þarf að vera tryggt að í starfsemi þessara stofnana sé þjónusta táknmálstúlka talin sjálfsögð. Það þýðir að stofnanir ríkis og sveitarfélaga beri kostnað af þjónustu táknmálstúlka fyrir heyrnarlausra, heyrnarskerta og daufblinda að því marki sem nauðsynlegt er til að starfsemin nýtist þeim. Á hinn bóginn þýðir það ekki að sérhver stofnun hafi táknmálstúlka á sínum vegum, heldur einungis að hver stofnun beri sína ábyrgð og greiði kostnað fyrir þá táknmálstúlkaþjónustu sem veitt er.

Í gildi eru nú einstök lög eða lagaákvæði um rétt einstaklinga til táknmálstúlkabjónustu hjá stofnunum ríkis og sveitarfélaga, sbr. lög um réttindi sjúklinga, nr. 74/1997, og lög um stjórn og starfshætti kirkjunnar, nr. 78/1997. Á grundvelli laga á sviði menntamála er nemendum tryggð kennsla á táknmáli í grunnskóla og framhaldsskóla. Samkvæmt stjórnsýslulögum, nr. 37/1993, skulu stjórnvöld ríkis og sveitarfélaga veita landsmönnum leiðbeiningar og upplýsingar og verður að ætla að með þeim lögum sé heyrnarlausum tryggður réttur til nauðsynlegrar táknmálstúlkunar hvað varðar þeirra eigin málefni. Í réttarfarslögum eru ákvæði sem ganga verður út frá að tryggi rétt heyrnarlausra til táknmálspjónustu til nauðsynlegra upplýsinga um þeirra dómsmál.

Til að tryggja heyrnarlausum táknmálstúlkun opinberra stofnana að öðru leyti en að framan er getið tekur ákvæði 6. gr. frumvarpsins af allan vafa í því efni gagnvart öllum stofnunum og embættum á vegum ríkis og sveitarfélaga. Til viðbótar þeim stofnunum sem raktar eru í 6. gr. er bent á einkaaðila sem vinna samkvæmt þjónustusamningi við opinber stjórnvöld sem væri athugandi að bæta við í 6. gr. frumvarpsins.

B. Atvinna (3. gr. og 2. mgr. 5. gr. frumvarpsins)

Ákvæði 3. gr. fjallar um rétt heyrnarlausra, heyrnaskertra og daufblindra á aðstoð táknmálstúlks til að sinna atvinnu sinni. Enn fremur er lagt til í 2. mgr. 5. gr. frumvarpsins að óheimilt verði að neita heyrnarlausum, heyrnarskertum eða daufblindum manni um atvinnu á grundvelli heyrnarleysis eða þess að hann notar táknmál. Það hljóta að teljast mannréttindi fyrir heyrnarlausum, heyrnarskerta og daufblinda að njóta aðstoðar táknmálstúlks í því skyni að gera þeim kleift að taka virkan þátt í starfsemi er tengist starfi viðkomandi, svo sem starfsmannafundum, starfsmannaviðtölum eða öðrum fundum, hvort sem þeir eru haldnir hér á landi eða erlendis. Í þessu tilliti þarf engu síður að meta hversu langt skuli ganga. Vill ráðuneytið vekja athygli á tilskipun Evrópubandalagsins, nr. 2000/78/EB, um innleiðingu meginreglunnar um jafnrétti í tengslum við vinnumarkaðinn (*employment and occupation*). Þar er kveðið á um bann við mismunun á grundvelli trúar eða trúarbragða, örorku/fötlunar, aldurs eða kynhneigðar, en gildissvið hennar takmarkast við atriði er tengjast vinnumarkaðinum (1. og 3. gr.). Sú tilskipun byggist á 13. gr. Rómarsamningsins en ekki er að finna samsvarandi ákvæði í samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Var því ekki lagalegur grundvöllur til að fella umrædda tilskipun undir samninginn. Engu síður má hafa ákvæði hennar til hliðsjónar við mótun íslenskrar löggjafar á þessu sviði. Sem dæmi má nefna er í 5. gr. tilskipunarinnar kveðið á um skyldu vinnuveitenda til að gera viðeigandi ráðstafanir að teknu tilliti til þarfa viðkomandi einstaklings með fötlun eða öryrkja í því skyni að auðvelda aðgengi hans að vinnustaðnum og innan hans að því undanskildu að ráðstafanirnar teljist óhóflega kostnaðarsamar.

Í 3. gr. frumvarpsin kemur ekki skýrt fram hvort gert sér ráð fyrir að atvinnurekandi verði ábyrgur fyrir þjónustunni og þar með kostnaði af nauðsynlegri táknmálstúlkun á vinnustaðnum eða hvort ríkinu sé ætlað að bera kostnaðinn með sams konar hætti og gert er ráð fyrir í frumvarpinu varðandi túlkun í persónulegum erindagjörðum og daglegu lífi. Hvor skilningurinn sem verður ofan, og látið er liggja á milli hluta hér, þarfnast ákvæðið greinilega lagfæringa við.

Í 2. mgr. 5. gr. frumvarpsins segir að óheimilt sé að neita heyrnarlausum, heyrnarskertum og daufblindum um atvinnu á grundvelli þess að hann noti táknmál. Hér þarf að tilgreina með nákvæmari hætti hvað við er átt. Taka þarf fram að vinnuveitanda sé einungis óheimilt að neita heyrnarlausum, heyrnarskertum eða daufblindum einstaklingi um tiltekið starf á grundvelli heyrnarleysis í þeim tilvikum þegar starfið hentar vel viðkomandi einstaklingum. Það væri þannig einungis óheimilt að neita heyrnarlausum um starf af ómálefnalegum, og þar með ólögætum ástæðum. Ákvæðið eins og það stendur nú í frumvarpinu um þetta efni er því of opið og þarfnast endurskoðunar við.

C. Aðrar stofnanir en á vegum ríkis og sveitarfélaga (7. gr. frumvarpsins)

Í 7. gr. er gert ráð fyrir því að notandi táknmáls eigi rétt á endurgjaldslausri táknmálstúlkabjónustu með ákveðnum tímafjölda til að sinna persónulegum erindum við stofnanir sem ekki falla undir 6. gr. Efni ákvæðisins felur í sér jákvæða hugsum til að viðkomandi einstaklingar geti rekið erindi sín sjálfir eins og annað fólk. Ákvæðið er efnislega skylt því sem fram kemur 3. gr. frumvarpsins um túlkabjónustu í daglegu lífi. Ákvæði 7. gr. þarfnast því tengingar við ákvæði 3. gr.

D. Daglegt líf (3. gr. frumvarpsins)

Efni ákvæðis 3. gr. frumvarpsins um aðstoð táknmálstúlka í daglegu lífi er nauðsynlegt og mikilvægur liður í því að rjúfa einangrun þannig að notendur táknmáls geti tekið þátt í lífinu eins og annað fólk. Ákvæðið er hins vegar opið og þarfnast nánari fyllingar.

Efnisleg tengsl við 7. gr. frumvarpsins eru skýr og því spurning hvort rétt sé að sameina efni 3. gr., um aðstoð vegna táknmálstúlkunar í daglegu lífi, við 7. gr. um táknmálstúlkun í persónulegum erindum við þær stofnanir sem þar eru tilgreindar.

Um greiðslu kostnaðar vegna þeirrar táknmálstúlkunar sem umsögn þessi tekur til.

Efni frumvarpsins, að því leyti er umsögn þessi tekur til, er nokkuð óljóst hvað varðar kostnað. Frumvarpið er skilið svo að skv. 6. gr. greiði stofnanir ríkis og sveitarfélaga hver um sig kostnað vegna táknmálstúlkunar, þ.e. ábyrgðin verði dreifð á hvern opinberan aðila fyrir sig, að ríkið (sem í frumvarpinu þýðir menntamálaráðuneyti) greiði kostnaðinn af túlkun í daglegu lífi skv. 3. gr. og í samskiptum við stofnanir skv. 7. gr. og að atvinnurekandi eða ríkið, eftir því hvor niðurstaðan verður ofan á í frumvarpinu, en látið er liggja á milli hluta hér, beri kostnað af túlkun í atvinnu skv. 3. gr.

Um fyrirkomulag á greiðslu fyrir táknmálstúlkun í daglegu lífi, erindum við stofnanir skv. 7. gr. frumvarpsins og í atvinnulífinu.

Einnig hér er frumvarpið nokkuð óljóst en er skilið svo að fyrirkomulag greiðslu yrði það sama hvað varðar erindi á stofnanir skv. 7. gr. og í daglegu lífi skv. 3. gr., þ.e. notandi fengi ákveðinn úthlutaðan tímafjölda á mánuði til ráðstöfunar. Sama á við í atvinnulífinu ef ríkinu er ætlað að bera þann kostnað. Kveða þarf á um rammann að greiðslufyrirkomulaginu í frumvarpinu.

Um þann heildarkostnað sem frumvarpið hefur í för með sér.

Nauðsynlegt er að meta heildarkostnað þann sem frumvarpið hefur í för með sér. Það verður að að teljast ágalli á frumvarpinu að þær kostnaðarupplýsingar skuli ekki liggja fyrir.

Um frumvarpið í heild sinni

Samþykkt frumvarps um þetta efni væri framfaraspor og mikilvægt til að rjúfa enn frekar en nú er einangrun heyrnarlausra, heyrnarskertra og daufblindra.

Frumvarp um þetta efni er í samræmi við ályktun Alþingis um stöðu íslenska táknmálsins sem samþykkt var 11. mars 1999 og athugun menntamálaráðuneytisins um stöðu íslenska táknmálsins frá árinu 2000. Hún leiddi í ljós sterka stöðu íslensk táknmáls í grunn- og framhaldsskólum og einstök ákvæði í lögum sem tryggðu táknmálstúlkajónustu. Eftir stóð að tryggja rétt heyrnarlausra til frekari notkunar á táknmáli til að og stuðla að því að þeir séu fullgildir þátttakendur í þjóðfélaginu.



Austur-Hérað – Fræðslu- og menningarráð

Lyngási 12 - Pósthólf 112 - 700 EGILSSTAÐIR - Sími 4700 700 - Fax 4700 701 - Kennitala: 510169-6119

Alþingi
Erindi nr. P 130/820
komudagur 21/1/2004

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Egilsstöðum 19. janúar 2004

Efni: Umsögn um frumvörp til laga um íslenska táknmálið – mál 374 og breytingu á ýmsum lögum vegna íslenska táknmálsins – 375. mál

Fræðslu- og menningarráð fjallaði um frumvörpin á fundi sínum 15. janúar sl. Við umfjöllunina var eftirfarandi bókað:

*Frumvarp til laga um um íslenska táknmálið **374. mál**
Fræðslu- og menningarráð Austur-Héraðs telur þarft framtak að skýra stöðu íslenska táknmálsins og þar með stöðu þeirra sem hafa það sem fyrsta tungumál. Augljóst er að ef frumvarpið verður samþykkt eins og það er lagt fram þá hlýst af mikill kostnaður, sem skv. t.d. 6. gr. mun falla á sveitarfélög landsins. Nauðsynlegt er að fram komi í greinargerðum með frumvörpum um lög sem hafa fjárhagsleg áhrif út fyrir þau svið sem falla beint undir fjárlög ríkisins að áætluð kostnaðaráhrif séu reiknuð og skilgreint hvernig gert sé ráð fyrir að þeim verði mætt.*

Sömu athugasemdir eiga jafnframt við 375. mál – sbr. t.d. 15. og 16. gr.

Þessu er hér með komið á framfæri.

Vinsamlegast

Helga Guðmundsdóttir
Forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs



Fræðslumiðstöð
Reykjavíkur

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Alþingi
Erindi nr. Þ 130/871
komudagur 27.1.2004

- Fríkirkjuvegi 1
- ÍS-101 Reykjavík,
- Sími: (+354) 535 5000
- Fax: (+354) 535 5050
- Kt. 500796-2359
- Netfang: fmr@grunnskolar.is

23. janúar 2004
2004010047
GGÓ/ts

Efni: Umsögn Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur um frumvarp til laga um íslenska táknmálið og breytingu á ýmsum lögum sem því tengist

Fræðslumiðstöð Reykjavíkur hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um íslenska táknmálið og frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna viðurkenningar íslenska táknmálsins.

Fræðslumiðstöð styður hugmyndina um að viðurkenna íslenska táknmálið sem jafnrétt hátt íslensku. Það mundi styrkja stöðu fólks sem hefur táknmál sem sitt fyrsta mál.

Hér verður fjallað um áhrif laganna á rekstur grunnskóla.

Fræðslumiðstöð vill í upphafi benda á að lög sem þessi mundu valda mikilli kostnaðaraukningu hjá sveitarfélögum vegna starfsemi grunnskólanna, auk þess að kalla á nánari skilgreiningar á umfangi þjónustu eða réttar.

1. athugasemd:

Í 5. grein frumvarps til laga segir að óheimilt sé að neita heyrnarlausum manni um skólavist og í breytingartillögu við 16. grein grunnskólalaga um að grunnskólinn skuli „veita nemendum sem nota íslenska táknmálið sömu þjónustu og ber að tryggja að kennarar og annað starfslið hafi fullnægjandi kunnáttu í íslenska táknmálinu“.

Fræðslumiðstöð telur að hér sé gengið of langt. Í Reykjavík er starfrækt sérstakt táknmálssvið í Híðaskóla þar sem öllum þessum skilyrðum er fullnægt að svo miklu leyti sem unnt er. Ekki er unnt að synja nemanda um skólavist í öðrum almennum grunnskóla óski foreldrarir eftir skólavist þar. Það er hins vegar mjög erfitt að tryggja sambærilega þjónustu við nemandann. Í fyrsta lagi er það mjög kostnaðarsamt og erfitt að tryggja fullnægjandi túlkþjónustu vegna skorts á menntuðu fólki. Enn erfiðara er að tryggja fullnægjandi kunnáttu starfsmanna þar sem táknmálið er tungumál sem tekur langan tíma að ná fullnægjandi tökum á. Eðlilegt og rétt er að foreldrar geti valið um skóla fyrir börnin sín en óhjákvæmilega verður þjónustan minni við hvern og einn ef nemendur dreifast mikið.

2. athugasemd

Í 6. grein er kveðið á um að allar „stofnanir ríkis og sveitarfélaga skulu útvega táknmálstúlka fyrir ... sem eiga erindi við viðkomandi stofnun...“


Fræðslumiðstöð telur eðlilegt að heyrnarlausir einstaklingar eigi kost á slíkri þjónustu, en

nauðsynlegt gæti verið að hafa einhvern aðlögunartíma vegna þess hve erfitt er að fá táknumálstúlka, þanta þarf slíka þjónustu með löngum fyrirvara. Í greinargerð kemur fram að ekki sé gert ráð fyrir að viðkomandi túlkur verði starfsmaður fyrirtækisins sem kemur í veg fyrir að t.d. Reykjavíkurborg fastráði túlk til að geta betur komið til móts við þetta ákvæði, t.d. í Hlíðaskóla þar sem er sérstakt táknumálssvið.

Ekki er heldur ljóst hvort grunnskólum, sem eru stofnanir sveitarfélaga, sé skylt að hafa túlk til taks á foreldrafundum og öðrum viðburðum í skólanum. Í greinargerð með 7. grein kemur fram að það verði hluti af persónulegu framlagi hvers heyrnarlauss eða heyrarskerts einstaklings. Hér er því um ákveðna mótsögn að ræða við ákvæði 6. greinar.


Þótt Fræðslumiðstöð sé í meginatriðum sammála anda laganna telur hún að of miklar skyldur séu lagðar á sveitarfélögin bæði vegna mikils kostnaðar og erfiðleika við framkvæmd. Það getur t.d. ekki talist eðlilegt að einstökum stofnunum sé ætlað að greiða slíkan ófyrirséðan kostnað umfram fjárhagsáætlun hvers árs. Líklega væri eðlilegast að kostnaður sem þessi væri greiddur að Tryggingastofnun ríkisins þar sem möguleiki er á betri eftirfylgd með þjónustunni.

Virðingarfyllst



Gerður G. Óskarsdóttir
fræðslustjóri

Alþingi
Erindi nr. P 130/797
komudagur 20.1.2004



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

HÁSKÓLI ÍSLANDS

HEIMSPÉKIDEILD

Reykjavík 16.janúar 2004

Efni: Frumvarp til laga um íslenska tákn málið sem fyrsta mál heyrnarlausra, heyrnarskertra og dauðblindra, þskj. 499 – 374.mál

Tákn málsfræði við Háskóla Íslands hefur borist ofangreint frumvarp til umsagnar. Undirrituð er samþykkt frumvarpinu í öllum megin atriðum. Aðeins ein athugasemd er gerð við orðalag.

Athugasemd við orðalag 8.greinar, 2.mgr.: „Íslenska ríkið skal efla menntun tákn málstúlka og styðja sérstaklega við kennslu í tákn málstúlkafræði.“

Nafn greinarinnar sem kennd er við heimspekideild Háskóla Íslands er „Tákn málsfræði og tákn málstúlkun“. Hér færi því betur að orðalag væri: *styðja sérstaklega við kennslu í tákn málsfræði og tákn málstúlkun*.

Nám í tákn málsfræðum til 60 eininga er nauðsynlegur undanfari náms í tákn málstúlkun (30 einingar).

Að öðru leyti telur undirrituð ekki ástæðu til að gera athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst,

Rannveig Sverrisdóttir

Rannveig Sverrisdóttir
lektor í tákn málsfræði við HÍ
Nýja Garði,
Háskóla Íslands við Suðurgötu
101 Reykjavík

Afrit:

Anna Agnarsdóttir, deildarforseti heimspekideildar HÍ


Akureyri, 22. janúar 2004

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Tilvísun: *Bréf menntamálanefndar dagsett 11. desember sl. þar sem leitað er
umsagnar um frumvarp til laga um íslenska táknmálið, 374. mál.*

Háskólinn á Akureyri þakkar fyrir tækifærið til að gera athugasemdir við umrætt
frumvarp. Háskólinn hefur engar efnislegar athugasemdir en lýsir yfir stuðningi sínum
við það sem þar kemur fram.

Virðingarfyllst,



Þorsteinn Gunnarsson, rektor



Alþingi
Erindi nr. P 130/819
komudagur 21.1.2004

ÍSLENSK MÁLSTÖÐ

Íslensk málnefnd - Háskóli Íslands

Nefndasvið Alþingis
Menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

19. janúar 2004

Efni: Umsögn um lagafrumvörp um íslenska táknmálið, 374. og 375. mál

Vísað er til bréfs menntamálanefndar til Íslenskrar málstöðvar, dags. 11. desember 2003, þar sem send voru til umsagnar frumvörp til laga um íslenska táknmálið sem fyrsta mál heyrnarlausra, heyrnarskertra og daufblindra, 374. mál, og um breytingu á ýmsum lögum vegna viðurkenningar íslenska táknmálsins sem fyrsta máls heyrnarlausra, heyrnarskertra og daufblindra, 375. mál.

Um 374. mál, frumvarp til laga um íslenska táknmálið sem fyrsta mál heyrnarlausra, heyrnarskertra og daufblindra:

1. gr. Hér er ákvæði þar sem lagt er til að íslenska táknmálið sé „jafnrétt hátt íslensku“ sem tjáningarform í samskiptum manna í millum.

Íslensk málstöð leyfir sér að gera þá athugasemd við þetta ákvæði að ekki sé gott að vita hvað það felur nákvæmlega í sér að tiltekið tungumál sé „jafnrétt hátt íslensku“ fyrr en athugun hefur verið gerð á því hver réttarstaða íslensku sem ríkismáls Íslands er og hvort hún er nægjanlega skýr í núverandi löggjöf á Íslandi. Slík athugun kynni að leiða í ljós að þörf væri á sérstakri, nýrri löggjöf um stöðu íslensku á Íslandi.

Staða annarra tungumála gagnvart íslensku á Íslandi, þ.m.t. staða íslenska táknmálsins, gæti jafnframt komið fram í slíkri löggjöf.

Ljóst er að Íslendingar eiga fleiri móðurmál eða „fyrstu mál“ en íslensku og íslenska táknmálið. Samt sem áður mælir margt með því að íslenska táknmálið skuli njóta sérstakrar, lögverndaðrar stöðu fram yfir önnur minnihlutamál á Íslandi og eru dæmi um slíkt í löggjöf nágrannaþjóða.

8. gr. Hér er ákvæði sem leggur íslenska ríkinu á herðar að stuðla að „útbreiðslu íslenska táknmálsins“.

Íslensk málstöð leyfir sér að gera athugasemd við þetta ákvæði. Því má varpa fram til umhugsunar hvort ekki mætti skipta um orð þarna og tala um „eflingu“ fremur en „útbreiðslu“.

Athugasemd málstöðvarinnar við ákvæðið um að ríkið skuli stuðla að „útbreiðslu“ íslenska táknmálsins er byggð á tvennu:

1) Þann skilning mætti leggja í ákvæði með þessu orðalagi að ríkisvaldið yrði gert ábyrgt fyrir því að íslenska táknmálið bærist frá einum málnotanda til annars í samfélagi heyrnarlausra, t.d. milli kynslóða. Þetta væri fráleit krafa til hins opinbera enda hefur engum enn dottið í hug að leggja til að íslenska ríkið skuli gert ábyrgt fyrir því að börn íslenskumælandi foreldra eigi íslensku sem fyrsta mál. Málnotendur íslenska táknmálsins hljóta að bera þess háttar ábyrgð en ekki íslenska ríkið.

2) Í greininni er sérstakt ákvæði um að ríkið skuli efla menntun táknmálstúlka. Þar með tæki ríkið að sér að sjá til þess að nóg framboð væri á fólki sem lærði íslenska táknmálið sem annað mál, eftir atvikum, í því skyni að auðvelda samskipti milli notenda íslensku og íslenska táknmálsins. Þar með ábyrgðist ríkið að „breiða íslenska táknmálið út“ til takmarkaðs hóps túlka og það gerir önnur ákvæði um ábyrgð ríkisins á „útbreiðslu“ íslenska táknmálsins óþörf.

Um 375. mál, frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna viðurkenningar íslenska táknmálsins sem fyrsta máls heyrnarlausra, heyrnarskertra og daufblindra:

14. gr. Hér er ákvæði um breytingu á útvarpslögum þess efnis að dagskrárefni með íslensku tali skuli ávallt fylgja íslenskur texti eða túlkun á íslenskt táknmál.

Íslensk málstöð vill nota þetta tækifæri til að benda á annan ávinning af textun efnis sem sent er út með íslensku tali, til viðbótar því að það nýtist heyrnarlausum og heyrnarskertum, þ.e. þann að textun auðveldar íslenskunám þeirra sem eiga önnur móðurmál en íslensku. Textun gagnast því ekki aðeins þeim sem hafa íslenska táknmálið sem fyrsta mál heldur einnig og ekki síður ört vaxandi hópi innflytjenda hér á landi sem leitast við að læra íslensku.

Virðingarfyllt


ÍSLENSK MÁLSTÖÐ
Ari Páll Kristinsson forstöðumaður

Nefndasvið Alþingis
Sigrún Brynja Einarsdóttur, nefndarritari
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 20. janúar 2004.

Umsögn laganefndar Lögmannafélags Íslands um frumvarp til laga um íslenska táknmálið sem fyrsta mál heyrnarlausra, heyrnarskertra og daufblindra og um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna viðurkenningar íslenska tákn málsins sem fyrsta máls heyrnarlausra, heyrnarskertra og daufblindra, 130. löggjafarþing 2003–2004, þskj. 499 — 374. mál og þskj. 500 — 375. mál.

Laganefnd Lögmannafélags Íslands hefur haft ofangreind frumvörp til skoðunar og lætur í té eftirfarandi umsögn.

1. Frumvarp til laga um íslenska táknmálið sem fyrsta mál heyrnarlausra, heyrnarskertra og daufblindra, þskj. 499 — 374. mál.

Með frumvarpinu er lögð til réttindaskrá þeirra sem tala íslenska táknmálið. Er frumvarpinu ætlað að tryggja það að íslenska táknmálið sé jafnrétt hátt íslensku sem tjáningarform. Í því skyni er í frumvarpinu kveðið á um bann við mismunun en auk þess er þar kveðið á um ýmsar sértækar aðgerðir vegna sérstakra aðstæðna þeirra sem nota íslenska táknmálið, s.s. rétt til kennslu og þjálfunar, skilgreindan rétt til aðstoðar tákn-málstúlks og rétt til textunar eða táknmálstúlkunar ýmisskonar efnis sem ætlað er almenningi. Laganefnd Lögmannafélags Íslands telur að lögfesting frumvarpsins feli ekki í sér brot á jafnræðisreglu 65. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944, en tekur ekki afstöðu til þess út frá öðrum forsendum s.s. pólitískum eða efnahagslegum. Laganefnd gerir auk þess eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið:

Í 1. mgr. 5. gr. frumvarpsins er kveðið á um að upplýsingar sem birtar eru opinberlega og fræðslu- og afþreyingarefni sem ætlað er almenningi skuli gert aðgengilegt notendum íslenska tákn málsins með textun eða túlkun á íslenskt táknmál. Í greinargerð kemur fram að um sé að ræða hverskonar fræðsluefni, upplýsingar og afþreyingarefni og að skyldan til textunar eða túlkunar nái m.a. til sjónvarpsstöðva, kvikmyndahúsa og framleiðenda fræðslu-, auglýsinga- og afþreyingarefnis. Laganefnd bendir á óljós skil milli textunar eða túlkunar skv. greindri 1. mgr. 5. gr. og þess hvenær aðgengi að efni á borð við leikrit, listviðburði, fræðsluerindi og ýmsa fundi heyrir undir 7. gr. frumvarpsins og rétt notenda íslenska tákn málsins til endurgjaldslausrar þjónustu tákn-málstúlks til persónulegra þarfa. Laganefnd bendir einnig á að ákvæðið leggur mjög víðtæka almenna skyldu til textunar eða túlkunar á bæði opinbera aðila og einkaaðila. Með vísan til þessa telur laganefnd ákvæðið vera of óljóst að inntaki til að geta mælt með lögfestingu þess að óbreyttu.

Laganefnd bendir á að betur kunni að fara á því að fella ákvæði 2. mgr. 1. gr. og 2. mgr. 5. gr. frumvarpsins saman í sjálfstætt ákvæði sem fjalli um bann við mismunun.

Að öðru leyti hefur Laganefnd ekki athugasemdir við frumvarpið.

2. Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna viðurkenningar íslenska táknmálsins sem fyrsta máls heyrnarlausra, heyrnarskertra og daufblindra, þskj. 500 — 375. mál.

Í frumvarpinu er kveðið á um breytingar á ýmsum lögum til að styrkja réttarstöðu þeirra sem nota íslenska táknmálið. Laganefnd Lögmannafélags Íslands telur að lögfesting frumvarpsins feli ekki í sér brot á jafnræðisreglu 65. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944, en tekur ekki afstöðu til frumvarpsins út frá öðrum forsendum s.s. pólitískum eða efnahagslegum. Laganefnd gerir auk þess eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið:

Tillaga um nýja málsgrein við 2. gr. laga um fangelsi og fangavist nr. 48/1988:

Laganefnd bendir á að orðalag ákvæðisins sem vísar til þess að táknmálmálstúlkur skuli ávallt tiltækur gefur tilefni til að álykta að táknmálmálstúlkur þurfi að vera á vakt öllum stundum sólarhringsins við fangelsi þar sem vistaður er heyrnarlaus, heyrnarskertur eða daufblindur fangi. Einnig er bent á að í 2. mál. ákvæðisins virðist misritað að þeir (þ.e. heyrnarlausir, heyrnarskertir eða daufblindir fangar) skuli njóta sömu réttinda og þjónustu og almennt gildir um þá sem tala íslenskt táknmál, en ætlunin hlýtur að vera að vísa þarna til réttinda þeirra sem tala íslensku. Laganefnd getur því ekki mælt með lögfestingu ákvæðisins að óbreyttu.

Tillaga um breytingu á 10. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991:

Laganefnd bendir á að tillaga um að 2. mál. 4. mgr. 10. gr. laga nr. 91/1991 falli brott felur í sér að eftir standa þá engin ákvæði í lögnum um það með hvaða hætti táknmálmálstúlkur vinna og staðfesta heit um að þeir muni rækja starfann eftir bestu getu, né um skyldu þeirra til að staðfesta túlkun sína fyrir dómi ef hún er vefngd. Einnig er bent á það að breytingatillagan gerir ráð fyrir því að kalla skuli til táknmálmálmálstúlk dómáranum til aðstoðar en ekki þeim sem notar íslenska táknmálið. Er þetta of þröng afmörkun þar sem hlutverk táknmálmálmálstúlkans getur aldrei verið einungis að túlka fyrir dómáranum, heldur einnig eftir atvikum fyrir þá aðila máls, lögmenn og vitni sem ekki nota íslenska táknmálið. Laganefnd getur því ekki mælt með lögfestingu ákvæðisins að óbreyttu.

Tillaga um breytingu á 7. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991:

Laganefnd telur að betur fari á því að fjalla um túlkun á íslenska táknmálið í 13. gr. laganna sem fjallar um löggilta dómtúlka til aðstoðar við meðferð opinberra mála. Laganefnd getur því ekki mælt með lögfestingu ákvæðisins að óbreyttu.

Tillaga um breytingu á lögum um aðför nr. 90/1989:

Breytingatillagan gerir ráð fyrir því að kalla skuli til táknmálmálmálstúlk sýslumanni til aðstoðar en ekki þeim sem notar íslenska táknmálið. Er þetta of þröng afmörkun þar sem hlutverk táknmálmálmálstúlkans getur aldrei verið einungis að túlka fyrir sýslumann heldur einnig eftir atvikum fyrir þá aðila máls, lögmenn eða aðra viðkomandi sem ekki nota íslenska táknmálið. Laganefnd getur því ekki mælt með lögfestingu ákvæðisins að óbreyttu.

Að öðru leyti hefur Laganefnd ekki athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst,

f.h. Laganefndar Lögmannafélags Íslands

Jóhannes Rúnar Jóhannsson, hrl., formaður


Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 20. janúar 2004

Með bréfi dags. 11. desember 2003 óskaði menntamálanefnd Alþingis eftir umsögn um frumvörp til laga um íslenska táknmálið, 374. mál og breytingu á ýmsum lögum vegna íslenska tákn málsins, 375 mál.

Meðfylgjandi er umsögnin.

Virðingarfyllst,


Markús Örn Antonsson



Reykjavík, 20. janúar 2004

Umsögn Sjónvarpsins

Að fengnum athugasemdum frá yfirþýðanda Sjónvarpsins, Ellerti Sigurbjörnssyni gerir Sjónvarpið eftirfarandi athugasemdir við frumvörp til laga um íslenska táknmálið, 374. mál, og breytingu á ýmsum lögum vegna íslenska táknmálsins, 375. mál.

Í 5. grein frumvarpsins ásamt greinargerð segir: “Notendur íslenska táknmálsins eiga rétt á að... fræðslu- og afþreyingarefni sem ætlað er almenningi verði gert þeim aðgengilegt með textun eða túlkun á íslenskt táknmál eftir því sem við á.

Í *Athugasemdum við einstakar greinar frumvarpsins* segir um 5. grein:

“Í þessu felst m.a. að sjónvarpsstöðvum ber annaðhvort að senda út sjónvarpsefni út með íslenskum texta eða táknmálstúlkun.”

Gerð er athugasemd við orðalagið að: “eiga rétt á” og “sjónvarpsstöðum ber...” Á fundi í Genf sl. vor um textunarmál sjónvarpsstöðva í Evrópu var fjallað um framtíðarskipan þessara mála í Evrópu. Þar kom meðal annars fram og vakti mikla athygli að breska ríkissjónvarpið, BBC, er eina sjónvarpsstöðin í Evrópu sem hefur verið skylduð með lögum að sjá heyrnarlausum og heyrnarskertum fyrir textun á öllu útsendu efni. Til að hrinda þessu í framkvæmd var BBC veittur ákveðinn frestur, fáein ár, en ekki er vitað hvort að aukafjárveiting fylgdi þessum auknu skyldum sem BBC voru lagðar á herðar. Miklu hefur þurft að kosta til þessa verkefnis því að þessu verkefni sinna nú 240 fastir starfsmenn BBC eftir að unnið hefur verið fjölþætt og dýrt þróunarstarf ásamt tækjavæðingu.

Aðrar opinberar sjónvarpsstöðvar í Evrópu hafa orðið fyrir miklum þrýstingi til að auka þjónustu við heyrnarskerta og alls staðar er smátt og smátt verið að auka hana eftir bestu getu – en án lagasetningar. Danir, Svíar og Norðmenn eru komnir einna lengst með frá 70 til 80 prósent textun, Hollendingar og Belgar eru einnig drjúgir – en mjög margir hafa enn 50% textun að markmiði og allmargir minna, t.d. Finnar. Öllum ber saman um að fremur beri að stefna að aukinni og bættri textun í sjónvarpi en síður táknmálstúlkun þar sem hún nær til svo takmarkaðs hóps. Tekið skal fram í þessu sambandi að frumvarpið miðast þó aðeins við “notendur íslenska táknmálsins”.

Ljóst þykir að ef lagafrumvarp þetta verður að veruleika í óbreyttri mynd þá verða stjórnvöld að veita ærnu fé til þessa verkefnis, einkum þó til tæknivæðingar og þróunar. Ljóst er að miðað við núverandi fjárhagsstöðu Ríkisútvarpsins/Sjónvarps er ekki fjárhagslegt svigrúm til meiri textunar sjónvarpsefnis og táknmálstúlkun en núverandi fjárhagsáætlun kveður á um. Einnig verður að ætla sjónvarpsstöðvunum mjög rúman umþóttunartíma. Eins og bent var á hafa flestar sjónvarpsstöðvar fengið að þróa textunarmálin smátt og smátt þótt þeim hafi verið sett viss markmið.

Í ljósi þessa er lagt til að breyta skuli orðalagi frumvarpsins í 5. grein, svo sem “að stefnt skuli að” o.s.frv.

Einnig er talið mikilvægt að kveða nánar á um þjónustu við heyrnarskerta en ekki eingöngu þá sem kunna táknmál og leggja áherslu á að textun nýtist báðum hópum.


Virðingarfyllst,



Bjarni Guðmundsson

framkvæmdastjóri Sjónvarps

Alþingi
Erindi nr. P 139/934
komudagur 4. 2. 2004



SAMBAND SVEITARFÉLAGA
Á SUÐURNESJUM
FITJUM - 260 NJARÐVÍK
SÍMI 421-3788 - PÓSTHÓLF 56 - KT. 640479-0279
FAX: 421-3766

Suðurnesjum 2. febrúar 2004.

Nefndasvið Alþingis
Menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK.

Varðar umsögn um frumvörp til laga um íslenska táknmálið, 374. mál.

Á stjórnarfundum Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum þann 29. janúar s.l. var tekið fyrir erindi yðar dags. 11. des. 2003 þar sem óskað var til umsagnar frumvörp til laga um íslenska táknmálið, 374. mál, og breytingu á ýmsum lögum vegna íslenska tákn málsins, 375. mál.

Eftirfarandi var fært til bókar.

Stjórn SSS telur sig ekki umkomna að gefa umsögn um frumvarpið þar sem ekki liggur fyrir kostnaðargreining fyrir sveitarfélögin en ljóst er að hann yrði umtalsverður.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,

Guðjón Guðmundsson framkv.stj.

**Umsögn frá Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra
um frumvarp til laga um íslenska táknmálið
sem fyrsta mál heyrnarlausra, heyrnarskertra og daufblindra.**

Þskj. 499 — 374 mál.

Um frumvarpið í heild sinni

Samskiptamiðstöðin telur miklu skipta að heyrnarlausum, heyrnarskertum og daufblindum séu sköpuð skilyrði til þess að lifa eðlilegu lífi. Leggja þarf megináherslu á að tryggja eðlilega þátttöku þeirra í lífinu og samfélaginu. Einn mikilvægasti liðurinn í að tryggja þátttöku heyrnarlausra, heyrnarskertra og daufblindra er að viðurkenna íslenska táknmálið sem fullgilt mál í íslensku samfélagi. Með því móti má gera þeim, sem ekki geta nýtt sér raddmál, kleift að eiga óhindruð samskipti við annað fólk í umhverfi sínu. Í umsögn Samskiptamiðstöðvar viljum við leggja áherslu á mennta- og menningarmál en þau eru undirstaða að jöfnum tækifærum þeirra, sem mynda táknmálssamfélagið í þjóðfélaginu, á við aðra þjóðfélagsþegna. En rétt er að geta þess að í tilviki daufblindra einstaklinga er ekki nóg að viðurkenna málið heldur þarf einnig að styrkja mjög aðra þjónustu s.s. við að komast um og fá aðgang að upplýsingum.

Til þess að fólk sem tilheyrir táknmálssamfélaginu geti lifað eðlilegu lífi og tekið þátt í íslensku samfélagi þarf að mati Samskiptamiðstöðvar að:

- sjá ungum heyrnarlausum börnum og fjölskyldum þeirra fyrir táknmálsskennslu
- gefa börnunum kost á að umgangast önnur börn sem tala einnig táknmál
- sjá fyrir grunnskólamenntun og námsefni á táknmáli
- sjá fyrir táknmálstúlkajónustu
- vinna menningarefni á táknmáli
- bjóða upp á sí- og endurmenntun fyrir heyrnarlaust fólk með sérstakri áherslu á lestrarkennslu

Undirstaðan eru rannsóknir, skráning og orðabókargerð, kennsla í táknmáli á háskólastigi fyrir kennara, táknmálstúlka og annað starfsfólk sem vinnur innan táknmálssamfélagsins, lagalegur réttur heyrnarlausra, heyrnarskertra og daufblindra barna til máls, tryggur aðgangur að menntun og að séð sé fyrir sérstakri menntun á þeim sviðum sem heyrnarlausir geta ekki nýtt sér almennt menntakerfi, þ.e. kennslu sem fram fer á táknmáli og miðar við menntunarstig hópsins, námsefnisgerð við hæfi o.s.frv.

Um greinargerð með frumvarpi

Greinargerðin sem fylgir frumvarpinu er ekki nægilega faglega unnin og þarf að vinna hana betur. Í greinargerðinni eru ákveðnar staðreyndavillur sem gætu virkað neikvætt við umfjöllun málsins. Hér á eftir verða nokkrar þeirra nefndar:

1. Skrif um læknisfræðilega skilgreiningu á heyrnarleysi eru ónákvæm og villandi. Einnig það sem sagt er um menningarlega sýn á heyrnarleysi en hún birtist ekki í orðinu á ensku „profoundly deaf“ heldur í því að deaf er skrifað með stórum staf Deaf eins og heiti þjóða „profoundly deaf“ þýðir – “alveg heyrnarlaus” en hefur ekkert með menningarlega skilgreiningu að gera. Sú skilgreining gerir hins vegar ekki kröfu um meðfætt heyrnarleysi heldur sjálfsmýnd. Læknisfræðin skoðar skerðingu heyrnar í decibelum og miðar að því að bæta upp skerðinguna með heyrnartækjum eða kuðungsígræðslu. Læknisfræðin horfir að því leyti á einstaklinginn en ekki hið félagslegt samhengi sem hann lifir í. Heyrnartæki geta bætt upp heyrnarskaða að einhverju leyti en fólk með mikið heyrnartap getur ekki átt eðlileg samskipti við aðra í umhverfi sínu. Mjög alvarlega heyrnarskert fólk og heyrnarlaust fólk myndar táknmálsamfélag og lítur á sig sem menningar- eða málmínnihlutahóp og að menning þeirra sé minnihlutamenning í íslenska samfélaginu. Hér á landi kallar fólk í þessum hópi sig Döff sbr. Deaf.
2. Umfjöllun um nám í táknmálsfræði við bókmennta- og málvísindaskor heimspekideildar er ekki alveg rétt, námið nefnist ekki nám í túlkafræði heldur nám í táknmálsfræði og táknmálstúlkun og er til 90 eininga. Einnig er það breytingum undirorpið hvort kennari er ráðinn við námið og eins og staðan er nú er þar fastráðinn kennari.
3. Fram kemur að virkir vinnutímar táknmálstúlka séu aðeins 20 stundir á viku. Þetta er ekki rétt orðalag. Átt er við að aðeins helmingur af vinnuskyldu túlka felist í túlkuninni sjálfri. Hinn hluti vinnutímans felst í undirbúningi, eftirvinnslu, samvinnu, fundum og öðru slíku.
4. Um rannsóknir á íslenska táknmálinu er margt staðhæft sem ekki er rétt. Sagt er meðal annars að frá stofnun Samskiptamiðstöðvar hafi hún ekki gefið út neina rannsókn á táknmáli sem hægt er að vísa í og ekki gefið út námsefni á táknmáli nema það sem hún kenni sjálf. „Nemendur í táknmálsfræði geti því ekki stuðst við neina rannsókn á íslensku táknmáli í námi sínu og veldur það þeim vissum erfiðleikum í náminu miðað við aðrar deildir í Háskóla Íslands.“ Þarna kemur fram misskilningur um starfsemi og hlutverki Samskiptamiðstöðvar. Við stofnunina hefur verið unnið að hagnýtum rannsóknum samhliða allri hennar vinnu þar sem ruddar hafa verið brautir á öllum sviðum hennar. Þegar SHH var stofnuð voru engir menntaðir túlkar til,

ekkert táknmálsnámsefni, engin þekking á þýðingum af og á táknmál. Nú, tólf árum síðar býr stofnunin yfir umtalsverðri þekkingu á öllum þessum sviðum. Hefur staðið að uppbyggingu á táknmálsfræðinámi í samvinnu við Háskóla Íslands, unnið námsefni í táknmáli meðal annars í samvinnu við táknmálsfræðinámið í HÍ enda er námsefni Samskiptamiðstöðvar notað við kennsluna þar og einnig við táknmálskennslu í Hlíðaskóla. Samskiptamiðstöðin hefur unnið að námsefnisgerð á táknmáli með Námsgagnastofnun og unnið að tilraunum með nýjungar í kennslu og námsefnisgerð á táknmáli í nokkrum fjölþjóðlegum verkefnum. Auk þessa hafa verið unnin hér á landi nokkur rannsóknarverkefni á málfræði táknmáls og táknmálssamfélaginu. M.a. stór rannsókn á samtímatjáningu í táknmáli.

5. Í greinargerðinni og frumvarpinu er víða talað um aðstoð túlka. Eðlilegra er að tala um þjónustu í stað aðstoðar. Orðið aðstoð lýsir ákveðnu viðhorfi sem Samskiptamiðstöð hefur leitast við að forðast allt frá stofnun.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins

3. gr. er fjallað um rétt til þjónustu táknmálstúlks til að sinna atvinnu. Það væri stórt skref fram á við fyrir heyrnarlauslausa, heyrnarskerta og daufblinda í atvinnulífi að fá táknmálstúlkþjónustu til þess að geta verið virkir þátttakendur svo sem á starfsmannafundum, í starfsmannaviðtölum eða öðrum fundum, hvort sem þeir eru haldnir hér á landi eða erlendis, í endurmenntun vegna starfs eða annarri starfsemi sem tengist starfinu og samkeppnishæfni starfsmanns á vinnustaðnum. Efni 3. gr. frumvarpsins um táknmálstúlkþjónustu í atvinnulífmu er þarft en nokkuð ónákvæmt. Tiltaka þarf nánar á hvaða sviðum gert er ráð fyrir táknmálstúlkun að ekki sé um að ræða túlkþjónustu við að sinna starfinu sjálfu heldur starfsemi sem tengist því eins og fundi, sí- og endurmenntun eða skemmtanir á vegum vinnustaðarins.

4. gr.

„Til túlkþjónustu telst túlkun á táknmál eða annað form sem heyrnarlaus ...“

Í stað þess að segja „annað form“ færi betur á að skrifa: Til túlkþjónustu telst hefðbundin túlkun á táknmál eða *túlkun málsins með óhefðbundnari hætti* sem heyrnarlaus ...

6. gr.

Í starfsemi stofnana ríkis og sveitarfélaga þarf að líta á það sem sjálfsagðan þátt í starfseminni að bera kostnað af þjónustu táknmálstúlka fyrir heyrnarlauslausa, heyrnarskerta og daufblinda til að starfsemin nýtist þeim og aðgangur heyrnarlausra, heyrnarskertra og daufblindra að þjónustunni sé sá sami og annarra landsmanna.

Í 7. gr. frumvarpsins er fjallað um rétt til endurgjaldslausrar þjónustu í a.m.k. 20 tíma mánaðarlega. Annars staðar á Norðurlöndum er ekkert þak á þessum tímum. Fólki á einfaldlega rétt á túlkþjónustu til þess að sinna persónulegum erindum. Einnig eru reknar fjartúlkþjónustur í gegnum myndsíma á Norðurlöndum sem fólk getur hringt til og notað til þess að sinna erindum í gegnum síma við heyrandi fólk. Efni 7. gr. er þarft og mikilvægt til að heyrnarlausir, heyrnarskertir og daufblindir einstaklingar geti rekið erindi sín sjálfir eins og annað fólk. Í 3. gr. frumvarpsins er einnig fjallað um táknmálstúlkþjónustu í daglegu lífi og mætti ef til vill sameina þessar greinar og skýra nánar.

Að lokum

Það væri mikið framfaraspor, að samþykkja frumvarp um viðurkenningu á táknmáli, í átt að eðlilegri þátttöku heyrnarlausra heyrnarskertra og daufblindra í íslensku samfélagi. Samþykkt frumvarps um þetta efni hefði einnig í för með sér aukna möguleika heyrnarlausra til að menntast og rétta hlut þeirra í samkeppni um atvinnu og aðra möguleika. Frumvarp þetta er tímabært og mjög í takt við ýmsar tilhneigingar í löggjöf og reglugerðum undanfarinna ára og þverpólítískan vilja sem hefur itrekað komið í ljós.

f.h. Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra,
Valgerður Stefánsdóttir, forstöðumaður

SSNV. Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra

Kt. 54292-2419. Pósthólf 130. 530 Hvammstangi. Sími: 455 2510. Fax: 455 2509. ssnv@simnet.is

Alþingi
Erindi nr. Þ 130/886
komudagur 28.1.2004

Nefndasvið Alþingis
Menntamálanefnd
Alþingi
150 Reykjavík

Hvammstanga 26 janúar 2004


Málefni: Frumvarp til laga um íslenskt táknmál, 374. mál, og breytingu á ýmsum lögum vegna íslenska tákn málsins, 375 mál.

Á fundi stjórnar SSNV, sem haldinn var 21. janúar sl, var frumvarp til laga um íslenskt táknmál, 374. mál, og breytingu á ýmsum lögum vegna íslenska tákn málsins, 375 mál, tekið til umsagnar og eftirfarandi bókun gerð:

„Stjórn SSNV leggst ekki gegn samþykkt frumvarpsins ef það leiðir ekki til kostnaðar fyrir sveitarfélögin án tekna á móti.”

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllt



Bjarni Þór Einarsson,
framkvæmdastjóri SSNV.



Alþingi
Erindi nr. P 130/682
komudagur 5.1.2004

ÍSAFJARÐARBÆR

Alþingi
menntamálanefnd
150 Reykjavík

Ísafirði, 29. desember 2003
Tilvísun: 2003120045
afe/img

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um íslenska tákn málið sem fyrsta mál heyrnarlausra, heyrnarskertra og daufblindra (bskj. 499 - 374. mál) og frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna viðurkenningar íslenska tákn málsins sem fyrsta máls heyrnarlausra, heyrnarskertra og daufblindra (bskj. 500 - 375. mál).

Skóla- og fjölskylduskrifstofa Ísafjarðarbæjar fagnar framkomnum frumvarpum og telur aukna þjónustu við heyrnarlausra, heyrnarskerta og daufblinda Íslendinga eðlilega, sem og viðurkenningu á íslenska tungumálinu. Um er að ræða sjálfsögð mannréttindi og ekki hægt að telja annað en eðlilegt að íslenska ríkið stuðli að auknum mannréttindum á Íslandi og sýni þannig gott fordæmi fyrir önnur lönd. Skrifstofan vill þó benda á að grunnforsenda fyrir framkvæmd þessara laga er að ýta undir og auka möguleika á menntun í tákn málsfræðum og tákn málstúlkun á Íslandi. Enda er ómögulegt fyrir stofnanir og sveitarfélög að standa undir þeim kröfum sem gerðar eru samkvæmt þessu frumvarpi ef ekki fást menntaðir einstaklingar, eins og farið er fram á, til verksins.

Ekki eru gerðar athugasemdir við einstök efnisatriði frumvarpsins.

Skóla- og fjölskylduskrifstofa Ísafjarðarbæjar telur að um mikilvægt lagafrumvarp sé að ræða, auk breytinga á ýmsum lögum, sem kemur til með að bæta verulega samfélagsstöðu og möguleika heyrnarskertra, heyrnarlausra og daufblindra til mannlegra samskipta.

Virðingarfyllst

Ingibjörg María
Guðmundsdóttir
Forstm. Skóla- og
fjölskylduskrifstofu
Ísafjarðarbæjar
Hafnarstræti 1
400 Ísafjörður



Alþingi
Erindi nr. P 130/798
komudagur 20.1.2004

Umsögn um frumvarp ..

**..til laga um íslenska táknmálið sem fyrsta mál
heyrnarlausra, heyrnarskertra og daufblindra
(Þskj. 499 – 374. mál)**

**..um breytingu á ýmsum lögum vegna
viðurkenningar íslenska táknmálsins sem fyrsta
máls heyrnarlausra, heyrnarskertra og
daufblindra (Þskj. 500 - 375. mál)**

Tækniháskóli Íslands fagnar frumvörpum þeim sem hér um ræðir og þeirri réttarbót sem þau fela í sér fyrir heymarskerta, heymarlausu og daufblinda. Mikilvægt er að tryggja réttarstöðu þeirra og veita þeim jafnan aðgang að þeirri menntun sem þeim er möguleg að teknu tilliti til fötlunar.


Tekið er fram í 6. grein að “Allar stofnanir og embætti ríkisins skulu útvega táknmálstúlka...” og mun Tækniháskólinn leggja sitt af mörkum til þess að bregðast við af fagmennsku og réttssýni þegar fyrsti nemandi sem á táknmálstúlki þarf að halda óskar eftir skólavist. Þá þarf, eins og getið er um í greinargerð með frumvarpinu, kafla 2, “...að tryggja fjárveitingar til allrar þeirrar túlkajónustu sem fellur undir frumvarpið”.

Tækniháskóli Íslands leggur á það áherslu að koma til móts við sérþarfir nemenda sinna og stuðla að jafnri aðstöðu þeirra til náms. Til þess að svo megi verða þarf að taka mið af þeim kostnaði sem af slíku hlýst við úthlutun fjárheimilda til skólans. Túlkajónusta við nemanda í sérfræðinámi á háskólastigi þarf að vera afar öflug og sérhæfð. Nauðsynlegt er að nemendur hafi aðgang að sérhæftri túlkajónustu og tekur THÍ því undir málefni 8. greinar frumvarpsins þ.e.: “...íslenska ríkið...leitast við að fullnægja eftirspurn eftir táknmálstúlkajónustu hverju sinni”. Kostnaður við túlk á ársgrundvelli getur numið allt að 5 milljónum króna. Fyrir skóla í fjárþröng er því afar mikilvægt að geta sótt aukafjárveitingu til fjármálaráðuneytisins vegna slíkra viðbótarútgjalda svo ekki þurfi að skerða aðra þjónustu við nemendur.

Tækniháskólinn tekur að öllu leyti undir þau atriði sem 3. og 5. grein fyrra frumvarpsins leggja til, þ.e. að þessi hópur eigi “...rétt á aðstoð táknmálstúlks til að sinna atvinnu sinni og námi...” og sbr. 5. gr., 2.mgr.: “Óheimilt er að neita heymarlausum, heymarskertum eða daufblindum manni um atvinnu, skólavist eða aðra þjónustu á grundvelli heymarleysis eða þess að hann notar táknmál”. Til að svo megi verða þarf því að tryggja að til þess fáiast fjármagn svo viðkomandi nemandi megi njóta alls þess sem námið býður upp á, til jafns við ófatlaða nemendur. Þó skal taka fram að til eru þau störf þar sem reynir á að heyrn sé góð svo forða megi slysum/áföllum t.d. í sambandi við vélar og tækjabúnað, rannsóknastörf og meðhöndlun sjúkra svo dæmi séu tekin og krefjast sérstakra hæfiskilyrða. Um þau þarf að fjalla sérstaklega.

F.h. Tækniháskóla Íslands
Stefanía Katrín Karlsdóttir
rektor

Alþingi
Erindi nr. P 130/953
komudagur 6. 2. 2004



Menntamálanefnd
Alþingi
150 Reykjavík

Reykjavík 5. febrúar 2004

Vegna mistaka berast umsagnir Landssamtakanna Þroskahjálpar við fram komin frumvörp um íslenska táknmálið 374 mál og breytingar á ýmsum lögum vegna íslenska táknmálsins 375 mál nokkuð seint en vona samtökin að það komi ekki að sök.

Landssamtökin Þroskahjálpar telja að réttarbót væri fölgin í því að lögfesta fram komin frumvörp og mæla því með því

Virðingarfyllst

f.h Landssamtakanna Þroskahjálpar

Friðrik Sigurðsson, framkvæmdastjóri